



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
umsagnir@althingi.is

Umsögn frá Dansverkstæðinu og Reykjavík Dance Festival um tillögu til þingsályktunar um varðveislu íslenskra danslistaverka, [688. mál](#)

Reykjavík, 7. mars 2024

Dansverkstæðið og Reykjavík Dance Festival taka undir með flutningsmönnum frumvarpsins um mikilvægi þess að varðveita þann menningararf sem danslistaverk eru innan um fjölbreyttra flóru sviðsverka.

Það er sérstaklega flókið að halda utan um varðveislu á sjálfstæðum dans- og sviðsverkum þar sem á landinu er ekki til stofnun sem er ætlað að styðja sérstaklega við sjálfstæðar dans- og sviðslistir. Ríkisstofnanir í sviðslistum, svo sem Þjóðleikhúsið og Íslenski Dansflokkurinn, eru með stoðsvið og ferla innanhúss er kemur að því að varðveita eigin verk. En öðru máli gegnir um verkefni sjálfstætt starfandi sviðslistafólks sem hvorki hafa mannskap né fjármagn til að halda skipulega utan um starfsemi sína. Leikminjasafn Íslands, sem hluti af Landsbókasafni, er ætlað að halda utan um allan sviðslistaarf þjóðarinnar og vinnur mikilvægt starf en hefur ekki bolmagn í sérstakt átak í varðveislu dansverka. Því eru upplýsingar og vitneskja um dansverk í hættu á að gleymast og hverfa eins og fram kemur í frumvarpinu.

Dansverkstæðið og Reykjavík Dance Festival leggja til að “Danshúsið - heimili sjálfstæðra dans- og sviðslista”, sem er nýtt samþættingarverkefni Dansverkstæðisins og RDF, verði ráðgefandi fyrir Leikminjasafn svo þau geti betur sinnt sínu hlutverki. Bæði Dansverkstæðið og Reykjavík Dance Festival hafa áður unnið að því að varðveita sögu sína og þeirra listamanna sem þau hafa starfað með, og er markmið þeirra með Danshúsinu að efla innviði fyrir sjálfstæðar dans- og sviðslistir í landinu.

Undirrituð fagna því að málefni danslistafólks verði tekin fyrir á alþingi og styðja frumvarpið.

Fyrir hönd Dansverkstæðisins og Reykjavík Dance Festival
Tinna Grétarsdóttir - Framkvæmdastjóri Dansverkstæðisins
Pétur Ármannsson - Listrænn stjórnandi RDF